

Samningur Nu Skin við meðlimi

1. Þessi samningur við meðlim, ásamt almennum söluskilmálum Nu Skin og stefnu fyrirtækisins um persónuvernd, eins og þeim kann að vera breytt hverju sinni, mynda heildarsamkomulagið á milli mín, „meðlimsins“ og Nu Skin, eins og nánar er kveðið á um í almennum söluskilmálum Nu Skin.
2. Ég lýsi yfir og ábyrgist að ég hef lagalegt sjálfræði til að gangast undir þetta samkomulag og að ég samþykki að lúta skilmálum þess og ákvæðum.
3. Sem meðlimur hef ég rétt á að kaupa vörur Nu Skin á afsláttarkjörum. Kaup mín á vörum eru aðeins ætluð til persónulegra nota minna. Mér er óheimilt að endurselja vörur Nu Skin með neinum hætti og mér er óheimilt að gerast stuðningsaðili eða skrá aðra sem óháða samstarfsaðila vörumerkis Nu Skin. Mér er enn fremur óheimilt að taka við sölulaunum.

Ef ég vil markaðssetja, kynna eða endurselja vörur Nu Skin verð ég að gera samning varðandi samstarfsaðila vörumerkis við Nu Skin. Þegar Nu Skin hefur samþykkt samning varðandi samstarfsaðila vörumerkis verða mér veitt þessi réttindi.

4. Mér er ljóst að þessi samningur mun halda gildi sínu þar til honum verður rift skriflega af Nu Skin eða af mér sjálfum/sjálfri, að undangenginni skriflegri tilkynningu Nu Skin mun rifta samningnum innan þrjátíu (30) daga frá því að slík skrifleg tilkynning berst. Mér er ljóst að samningnum verður sjálfkrafa rift ef ég hef ekki keypt neinar vörur á tólf (12) mánaða tímabili.
5. Mér er ljóst að ef óháður samstarfsaðili vörumerkis Nu Skin skráði mig sem meðlim verður vísað til þess samstarfsaðila vörumerkis sem „tilvísunaraðila“ míns. Hafi ég ekki lagt inn neina pöntun í sex (6) mánuði kann að vera að ég verði flutt(ur) yfir á annan tilvísunaraðila. Hafi ég lagt inn pöntun síðustu sex (6) mánuði verð ég að bíða í sex (6) mánuði frá dagsetningu síðustu pöntunar þar til ég get skráð mig sem annaðhvort (i) meðlimur eða (ii) samstarfsaðili vörumerkis Nu Skin hjá öðrum tilvísunaraðila.
6. Hafi verið gefinn skriflegur þrjátíu (30) daga fyrirvari er Nu Skin heimilt, að eigin vild, að breyta ákvæðum og skilmálum þessa samnings við meðlim, þar á meðal að rifta samningi við meðlim.